

## Fundargerð hreppsnefndar 17. nóvember 2016

Fundur nr. 51 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 17. nóvember 2016 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.

Mætt til fundar: Eyjólfur Sigurðsson, Stefán Grímur Rafnsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Hinrik Ingólfsson, Bárður Jónasson, Magnús Þór Róbertsson og Sigurjón H. Hauksson.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

### Dagskrá

#### 1. Fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps:

1. Fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps 2017-2020 lögð fram til fyrri umræðu

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fjárhagsáætluninni og lykiltölum hennar. Svaraði framkomnum fyrirspurnum en síðan samþykkt samhljóða að vísa áætluninni til síðari umræðu.

#### 2. Fundargerðir:

1. Menningarnefndar dags. 25. október 2016

Fram fór umræða um 2. mál í fundargerð og síðan var bókað:

Sveitarstjórn gerir athugasemd við þá kostnaðarskiptingu sem viðhöfð hefur verið um árabíl en fyrir liggur að kostnaður fellur af mismiklum þunga á hlutaðeigandi þátttakendur í verkefninu. Menningarmálanefnd sveitarfélagsins komi athugasemdinni á framfæri. Samhljóða samþykkt.

Fundargerðin samhljóða samþykkt.

2. Hafnarnefndar dags. 1. nóvember 2016

Fundargerðin samhljóða samþykkt.

3. Stjórnar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi dags. 1. nóvember 2016

Lagt fram til kynningar.

4. Stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands og fundargerð aðalfundar Skólaskrifstofu Austurlands dags. 4. nóvember 2016

Lagt fram til kynningar.

5. Aðalfundar Héraðsskjalasafns Austfirðinga dags. 3. nóvember 2016

Lagt fram til kynningar.

6. 843. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Lagt fram til kynningar.

7. Svæðisskipulagsnefndar SSA dags. 8. nóvember 2016

Lagt fram til kynningar.

### 3. **Bréf til sveitarstjórnar frá:**

1. Austurbrú

Sveitarstjóra falið að vinna að verkefninu fyrir hönd sveitarfélagsins.

2. Ferða- og menningarfulltrúa

Sveitarstjórn telur að málið verði að skoða nánar og það verði gert fyrir sumarið 2017 að viðhöfðu samráði við ferðaþjónustuaðila. Sveitarstjóra falið að fylgja málinu eftir.

3. Ferða- og menningarfulltrúa

Sveitarstjórn hefur áður fjallað um málið og telur eftir sem áður ekki tilefni að leggja frekari vinnu í það.

4. Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu

Lagt fram til kynningar og vísað til atvinnu- og ferðamálanefndar til umsagnar.

5. Grunnskólakennurum

Sveitarstjórn lýsir yfir áhyggjum af stöðu mála og hvetur samningsaðila til að finna ásættanlega lausn fyrir hlutaðeigandi aðila hið fyrsta.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða, fundi slitið kl. 17:30.

[Eylgigögn fundar 171116.pdf](#)